

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2021  
Tilv.: 2102011

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum (sala á framleiðslustað), 504. mál.**

Með bréfi dags 18. febrúar 2021, óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað). Með frumvarpinu er lagt til að smásala á áfengu öli verði heimiluð á framleiðslustað að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Samkvæmt frumvarpinu er markmið þessarar breytingar að styðja við smærri brugghús og jafna samkeppnisstöðu þeirra og stærri áfengisframleiðenda.

Líkt og frumvarpið ber með sér, þá felur framangreint í sér undanþágu frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins („ÁTVR“) á smásölu áfengis til neytenda, sem er lögfest í 10. gr. áfengislaga, nr. 77/1998, og 1. mgr. 7. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011.

Samkeppniseftirlitið telur nauðsynlegt að koma eftirfarandi umsögn á framfæri með vísan til c-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, en þar er kveðið á um það hlutverk eftirlitsins að „benda stjórnvöldum á leiðir til að gera samkeppni virkari“.

**I.**

Samkeppniseftirlitið hefur áður veitt umsagnir við sambærileg frumvörp um breytingar á smásölu áfengis og komið á framfæri sjónarmiðum sem varða m.a. markmið samkeppnislaga, að samkeppni í viðskiptum sé bæði æskileg og nauðsynleg þar sem hún m.a. auki velferð neytenda, eykur jöfnuð og stuðli að hagkvæmi og þróttmiklu atvinnulífi.<sup>1</sup> Hins vegar er viðurkennt að í tilteknum tilvikum kunni að vera nauðsyn til þess að víkja frá frjálsri samkeppni í því skyni að vernda tiltekna almannahagsmuni.

Í frumvarpinu sem hér er til umsagnar, er vikið að þeim samkeppnislegu hindrunum sem smærri brugghús hafa rekið sig á við að fá vörur sínar seldar í verslunum ÁTVR, jafnvel nærri framleiðslustað, sérstaklega áfengistegundir sem eru framleiddar einungis tímabundið eða í litlu magni. Hefur það skapað samkeppnisumhverfi þar sem hallar á smærri brugghús, sem eiga umtalsvert erfiðara með að selja vörur sínar til neytenda en stærri samkeppnisaðilar. Þannig kann rekstur áfengisframleiðanda að stand og falla með því að fá vörur sínar seldar í verslunum

---

<sup>1</sup> Sjá m.a. eldri umsagnir Samkeppniseftirlitsins frá 2018 ([https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2017/Umsogn\\_3\\_2017-Frumvarp-til-breytinga-a-logum-um-verslum-med-afengi.pdf](https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2017/Umsogn_3_2017-Frumvarp-til-breytinga-a-logum-um-verslum-med-afengi.pdf)) og frá 2014 ([https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2014/Umsogn\\_8\\_2014\\_um-frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-verlum-med-afengi-og-tobak.pdf](https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2014/Umsogn_8_2014_um-frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-verlum-med-afengi-og-tobak.pdf)).



ÁTVR. Samkvæmt frumvarpinu er tillögum þess ætlað að jafna stöðu smærri brugghúsa og þeirra stærri hvað þetta varðar.

Í fyrri umsögnum Samkeppniseftirlitsins, hefur verið gerð grein fyrir ýmsum ábendingum og kvörtunum sem eftirlitinu hafa borist um háttsemi ÁTVR á áfengismarkað og tengjast m.a. þessum samkeppnislegu hindrunum sem vikið er að í frumvarpinu. Kvartanirnar hafa einkum varðað vöruvalsreglur fyrirtækisins, synjun þess að taka vörur í reynslusölu, stærðartakmarkanir á sölueiningum áfengra drykkja sem heimilt er að bjóða til sölu í verslunum ÁTVR, framsetningu/uppstillingu drykkja í verslunum ÁTVR, meintar ávirðingar þess efnis að ráðgjafar á vegum ÁTVR hyggi ákveðnum aðilum umfram aðra og greiðslufyrirkomulag ÁTVR á áfengi sem er í reynslusölu.

## II.

Með hliðsjón af framangreindu er Samkeppniseftirlitið fylgjandi því að núgildandi fyrirkomulag við sölu áfengis verði endurskoðað, og styður því umrædda breytingartillögu. Eftirlitinu er ljóst mikilvægi þess að löggjafinn leitist við að vernda samfélagið og einstaklinga frá þeirri vá sem neysla áfengis getur haft í för með sér. Til þess á hins vegar að velja þær aðferðir sem skerða frjálsa samkeppni sem minnst.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið



Guðmundur Haukur Guðmundsson